



## Tilkynning um kæru nr\_ 160\_2024\_ stjórnvald\_

Búið til	26.11.2024 12:31:15
Höfundur	Hera Elfarsdóttir
Móttekið dags.	26.11.2024 11:58:34
Tilheyrir	📁 USK24110312 - Kæra nr. 160/2024 - Laugarásvegur 1 - Ljósaskilti

### Efni

Tilkynning um kæru nr\_ 160\_2024\_ stjórnvald\_

### Upplýsingar

### Vinnsla

Móttekið dags.	26.11.2024 11:58:34	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	00.15.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	[Redacted]

### Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæra móttekin 18. nóvember 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun





# KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

18.11.2024 22:29

## 1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Helgi Rafn Gunnarsson
Kennitala	
Heimilisfang	Disaras 8
Póstnúmer	110
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

## 2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

## 3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Efni: Laugarásvegur 1 - Skilti án leyfis  
Stjórnvald: Byggingafulltrúinn í Reykjavík

Undirritaður er framkvæmdastjóri Skúbb ehf. kt. 640317-0940

Til er dómur þó ég hafi ekki fundið hann við leit á Google í fljótu bragði sem féll á þá leið að vegna tómlætis þá var úrskurðar að aðili máls þurfti ekki að fjarlægja skilti sem hafði verið upp í fjölda ára án nokkurra athugasemda. Óska eftri frest til að finna þenna dóm því ég tel að hann sé fordæmisgefandi.

Byggingafulltrúinn í Reykjavík fékk ábendingu um skilti Skúbb frá íbúa á Laugarásvegi 1, sá einstaklingur er mikið í nöp við ísbúðina Skúbb, hefur kvartað til allra yfirvalda með engum árangri en viðkomandi er byggingaverkfræðingur og fann þessa glufu með að leyfi vegna skiltisins vantaði. Önnur fyrirtæki í þjónustukjarnanum hafa líka haft skilti en ekki verið bent á þau.

Umræddur einstaklingur hefur unnið skemmdarverk á bil fyrirtækisins, starfsfólk Skúbb er hrætt við þennan einstakling vegna hótanna í garð þeirra. Viðkomandi notar bílastæði sem ætluð eru viðskiptavinum þjónustukjarna og margt fleira er hægt að telja upp. Á húsfundi var þetta skiltamál rætt, og niðurstaðan á þeim fundi er ástæðan fyrir því að ekki hefur verið sótt um breytingu á byggingaleyfi.

Við höfum gert ráðstafanir til að merkja ísbúðina með öðrum hætti og erum að biða eftri að fá það sem pantað var. Til vara ef ekki er fellst á frest á meðan leit á áður nefndum dómi þá óskar undirritaður um frest þangað til við fáum nýja laust sem ekki er krafist neinnar breytingar á byggingaleyfi.

Helgi Rafn Gunnarsson

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Byggingafulltrúinn í Reykjavík
Dagsetning ákvörðunar	05.11.2024

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

#### 4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Óska eftir að ákvörðun verði felld úr gildi vegna tómlætis íbúa, enginn hafði gert athugasemdir fyrr en tiltekinn einstaklingur fór í stríð við ísbúðina Skúbb.

#### 5. Hagsmunir kæranda/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Hefur mikil áhrif, viðskiptavinir gætu talið að búið væri að loka ísbúðinni.

#### 6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Þegar undirrituðum barst samrit af bréfi líklega 11. nóvember 2024.

#### 7. Rökstuðningur fyrir kæru

Á grundvelli tómlætis, enginn hafði kvartað í meira en 5 þegar skiltið var sett upp.

#### 8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

#### 9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	á ekki við
Númer skjals:	0
Fylgiskjal	Laugarásvegur 1 - Húsfundargerð 27. maí 2024.pdf



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2024  
USK24110312

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 160/2024, kæra Helga Rafns Gunnarssonar, framkvæmdarstjóra Skúbb ehf., kt. 640317-0940, dags. 18. nóvember 2024.**

Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun byggingarfulltrúa um að kæranda sé skylt að fjarlægja auglýsinga/ljósaskilti Skúbb ehf. sem staðsett er utan á húsnæðinu Laugarásvegi 1 að viðlögðum dagsektum.

#### Málavextir

Ábending barst til eftirlitsdeildar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna ljósaskiltis að Laugarásvegi 1. Á samþykktum aðaluppdráttum fyrir Laugarásveg 1 segir: *"Settar verða límfilmur/merkingar í glugga. Ekki verður sett skilti á bygginguna,"*

Þann 28. nóvember 2023 var eigendum skiltisins gert ljóst að skiltið væri án byggingarleyfis og þeim gert að fjarlægja það. Í framhaldinu eiga sér stað samskipti milli eftirlitsdeildar og eigenda skiltisins en í mars 2024 er ákveðið að fresta þvingunaraðgerðum á meðan framkvæmdarstjóri Skúbb freistar þess að sækja um leyfi fyrir skilti utan á húsinu.

Engin umsókn barst og því var send krafa þann 5. nóvember 2024 um að skiltið yrði fjarlægt innan 30 daga að viðlögðum dagsektum. Birting kröfu tókst þann 18. nóvember 2024.

#### Kröfugerð

Kærandi hefur krafist þess að ákvörðun byggingarfulltrúa þess efnis að skiltið skuli fjarlægt verði felld úr gildi.

Reykjavíkurborg krefst þess að kærð ákvörðun verði staðfest.

#### Málsástæður og lagarök kæranda

Kærandi telur rétt að fella úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa vegna tómlætis, þ.e. vegna þess að enginn hafði áður gert athugasemdir við tilvist skiltisins.

#### Afstaða Reykjavíkurborgar

Ítrekuð er sú afstaða að umrætt skilti utan á byggingunni á lóð nr. 1 við Laugarásveg er án byggingarleyfis enda í ósamræmi við samþykktu aðaluppdrætti. Samkvæmt 2.3.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 er óheimilt að reisa mannvirki, breyta því, burðarvirki þess, lagnakerfum, notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi leyfisveitanda.



Reykjavík



Meint tómlæti meðeigenda eða borgaryfirvalda breytir engu þar. Eiganda skiltisins hefur um nokkra hríð verið kunnugt um að sækja þarf um breytingu á byggingarleyfinu ef skiltið á að vera áfram á húsinu. Þetta hefur kærandi ekki gert enda virðist sem meðeigendur hússins samþykki ekki slíka ráðstöfun.

### **Niðurstaða**

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís Karlsdóttir Bergmann  
*Skrifstofa stjórnslu og gæða  
Umhverfis- og skipulagssvið*



**Reykjavík**



## Fylgigögn

1. Bréf dags. 28. nóvember 2023
2. Tölvupóstur 12. des 2023
3. Tölvupóstur 1. febrúar 2024
4. Aðalupprættir
5. Tölvupóstur 21. mars 2024
6. Mynd af skilti
7. Minnispointar vegna símtals 21. mars 2024
8. Bréf dags. 5. nóvember 2024
9. Birtingarvottorð





Árið 2025, miðvikudaginn 29. janúar, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Arnór Snæbjörnsson formaður, Ómar Stefánsson varaformaður og Halldóra Vífilsdóttir arkitekt.

**Fyrir var tekið mál nr. 160/2024, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 5. nóvember 2024 um að fjarlægja skuli ljósaskilti á húsi á lóð nr. 1 við Laugarásveg.**

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

### úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 18. nóvember 2024, kærir Skúbb ehf. þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 5. nóvember s.á. um að fjarlægja skuli ljósaskilti á húsi á lóð nr. 1 við Laugarásveg. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 20. desember 2024.

**Málavextir:** Með bréfi, dags. 28. nóvember 2023, var kærandi máls þessa upplýstur um að eftirlitsdeild umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefði borist ábending vegna ljósaskilta að Laugarásvegi 1. Þar kom einnig fram að á samþykktum aðaluppdráttum kæmi fram að ekki yrði sett skilti á bygginguna og að settar yrði límfilmur/merkingar í glugga. Skiltin væru þannig án byggingarleyfis. Var þinglýstum eiganda gert að fjarlægja skiltið innan 14 daga frá móttöku bréfsins. Í kjölfar símtals kæranda við starfsmann Reykjavíkurborgar 21. mars 2024 var samþykkt að fresta þvingunaraðgerðum þar sem fyrirhugað væri að sækja um byggingarleyfi vegna skiltanna.

Með bréfi, dags. 5. nóvember 2024, var þinglýstum eiganda Laugarásvegar 1 gert að fjarlægja viðkomandi skilti innan 30 daga frá móttöku bréfsins. Var kæranda sent samrit bréfsins. Í bréfinu kom einnig fram að yrði ekki brugðist við kröfunni innan gefins frests áformaði byggingarfulltrúi að leggja á dagsektir kr. 25.000. Var veittur 14 daga frestur til að koma að andmælum vegna áforma um fyrirhugaðar dagsektir.

**Málsrök kæranda:** Vísað er til þess að sá einstaklingur sem sent hafi ábendingu til byggingarfulltrúa um skiltin sé mikið í nöp við ísbúðina Skúbb og hafi kvartað til allra yfirvalda með engum árangri hingað til. Önnur fyrirtæki í þjónustukjarnanum hafi líka haft skilti en ekki hafi verið bent á þau. Umræddur einstaklingur hafi unnið skemmdarverk á bíl fyrirtækisins, starfsfólk Skúbb sé hrætt við hann vegna hótana í þeirra garð. Viðkomandi noti m.a. bílastæði sem ætluð séu viðskiptavinum þjónustukjarnans. Skiltamálið hafi verið rætt á húsfundi og hafi niðurstaða fundarins verið ástæða þess að ekki hafi verið sótt um byggingarleyfi. Gerðar hafi verið ráðstafanir til að merkja ísbúðina með öðrum hætti og verið sé að bíða eftir þeirri pöntun. Fór kærandi fram á að ákvörðun byggingarfulltrúa yrði felld úr gildi vegna tómlætis íbúa þar sem ekki hafi verið gerðar athugasemdir fyrr en áður greindur einstaklingur hafi farið í stríð við ísbúðina. Til vara hafi kærandi farið fram á frest þar til ný lausn á merkingu ísbúðarinnar, sem ekki krefðist breytingar á byggingarleyfi, væri komin.

**Málsrök Reykjavíkurborgar:** Bent er á að umrætt skilti utan á byggingunni á lóð nr. 1 við Laugarásveg sé án byggingarleyfis og í ósamræmi við samþykktu aðaluppdrætti. Samkvæmt gr. 2.3.1. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sé óheimilt að reisa mannvirki, breyta því, burðavirki þess, lagnakerfum, notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi leyfisveitanda. Meint tómlæti meðeigenda eða borgaryfirvalda breyti engu. Eiganda skiltisins hafi um nokkra hríð verið kunnugt um að sækja þyrfti um breytingu á byggingarleyfinu ef skiltin ættu að vera áfram á húsinu. Það hafi kærandi ekki gert, enda virðist sem meðeigendur hússins samþykki ekki slíka ráðstöfun. Ekkert hafi komið fram sem geti valdið ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar og því beri að hafna kröfum kæranda í málinu.

**Niðurstaða:** Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík að fjarlægja skuli ljósaskilti á húsi á lóð nr. 1 við Laugarásveg. Í húsnæðinu er rekin ísbúð.

Í 1. mgr. 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. gr. 2.9.2. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, er kveðið á um að byggingarfulltrúi skuli gera eiganda eða umráðamanni lóðar aðvart sé ásigkomulagi, frágangi, umhverfi eða viðhaldi húss, annars mannvirkis eða lóðar ábótavant, af því stafar hættu eða það telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa eða Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum, lögum, reglugerðum og byggingarlýsingu.

Í samþykktum aðaluppdráttum fyrir Laugarásveg 1, þar sem sótt var um leyfi vegna ísbúðar, er fjallað um merkingar. Þar segir: „Settar verða límfilmur í glugga. Ekki verður sett skilti eða frekari merking á bygginguna“. Eru hin umdeildu skilti þannig ekki í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti. Meint tómlæti eiganda annarra eignarhluta í húsinu að Laugarásvegi 1 breytir því ekki að hin umdeildu skilti eru ekki í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti. Ef breyta á samþykktum aðaluppdráttum þarf byggingarleyfi sbr. 6. tl. 3. gr. og 9. gr. laga nr. 160/2010 sbr. gr. 2.3.1. byggingarreglugerðar.

Að framangreindu virtu verður kröfu kæranda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar hafnað.

### Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 5. nóvember s.á. um að fjarlægja skuli ljósaskilti á húsi á lóð nr. 1 við Laugarásveg.

---

Arnór Snæbjörnsson (sign)

---

Ómar Stefánsson (sign)

---

Halldóra Vífilsdóttir (sign)